



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA FRÁ SAMHÆFINGARSTÖÐINNI

Dags: 28.08.2014

Kl.: 00:30

Varðar: Jarðskjálftahræringar við Bárðarbungu

Meginatriði:

- Í vísindamannaflugi með TF-SIF í dag sáust breytingar í norðaustanverðum Vatnajökli, þrír sigkatlar og sprungur
- Katlarnir liggja við vatnaskilin á Grímsvötnum og Jökulsár á Fjöllum
- Land hefur sigið ofan berggangsins utan jökuls
- Enginn gosórói hefur sést á mælum

Almannavarnastig:

Almannavarnastig er hættustig.

Samhæfingarstöðin:

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið að störfum á daginn síðan ákveðið var að loka hálendinu vegna jarðskjálftahrinnar í Bárðarbungu þann 19. ágúst 2014 og verið hefur bakvakt um nætur. Stöðin var virkjuð klukkan 21.00. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna kringum Bárðarbungu.

Skjálftavirkni:

Vísindamenn hafa orðið varir við breytingar í norðvestanverðum Vatnajökli. Farið var í vísindamannaflug með TF-SIF yfir jökulinn í dag. Markmiðið með ferðinni var að greina frekar svæðið þar sem jarðskjálftahrinan hefur verið undanfarna daga. Í fluginu sáust þrír sigkatlar um 4 – 6 km að lengd, 1 km á breidd og 15-20 m djúpir við suðaustanverða Bárðarbungu. Ljóst er að þeir hafa myndast eftir að flogið var þarna yfir á laugardag. Katlarnir eru ekki á þekktu sprungusvæði við Bárðarbungu og ekki er talið að þeir séu tengdir bergganginum sem verið hefur að myndast undanfarna daga. Svæðið er við vatnaskil Jökulsár á Fjöllum og Grímsvatna og þar er 400 til 600 metra þykkur ís. Um 30 milljónir rúmmetrar af vatni hafa ekki komið fram.

Ekki hefur enn mælst breyting í rennsli Jökulsár og rennsli hennar eðlilegt miðað við árstíma. Merki er um að vatnsborð í Grímsvötnum hafi hækkað síðustu daga en óljóst hvort að það er tengt sigdældunum. Ekki hafa mælst teljandi skjálftar á þessu svæði og enginn órói er á jarðskjálftamælum. Sigdældir af þessu tagi myndast við eldgos eða jarðhitavirkni undir jökli. Töluverð óvissa er um atburðarás.

Mjög greinilega ummerki um atburðina er að finna í Holuhrauninu norðan jökuls og út á sandinn. Um 5 km langur og 1 km breitt sig hefur myndast fyrir ofan bergganginn. Bendir það til þess að berggangurinn liggji mun ofar en hingað til hefur verið talið. Örlitil sigkatlar hafa einnig myndast í jaðri Dyngjujökuls.

Áætlað er að fljúga með TF-SIF aftur yfir svæðið í fyrramálið klukkan 09.00. Vænta má fréttu af fluginu upp úr klukkan 11:00.

Fundir og samstarf:

Samhæfing aðgerða heldur áfram í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Haft hefur verið samband við lögregluna á Hvolsvelli, Húsavík, Seyðisfirði og á Eskifirði og hún upplýst um stöðuna.

Lokað svæði:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Lokanir eru enn í gildi á hálendinu norðan Vatnajökuls sem og í Jökulsárgljúfrum að Dettifossi. Björgunarsveitir og lögregla vakta lokaða svæðið.

Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf> (ATH gæti þurft að afrita slóðana og líma inn í vafra)

Litakóði fyrir flug er enn appelsínugulur og eru engar takmarkanir á flugi.

Upplýsingar:

Mönnun er í Samhæfingarstöðinni til miðnættis og aftur frá klukkan 08.00 í fyrramálið. Þar eru veittar upplýsingar og fyrirspurnum svarað. Fjölmiðlateymi er á vakt og er með netfangið info@sst.is og síma 570 2643/44.

www.safetravel.is upplýsingasíða Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla:

Næsta stöðuskýrsla verður send út með tilliti til þróunar mála á svæðinu.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is